

# ÍPRÓTTAFÉLAG REYKJAVÍKUR

UNNIÐ FYRIR ÍTR OG ÍBR

AUKUM ÞÁTTTÖKU BARNA Í ÍPRÓTTUM





Reykjavík 14. febrúar 2019

## Sameining íþróttafélaga í Breiðholti

**Greinagerð** vegna verkefnis sem ÍBR og ÍTR fól KPMG að vinna um mögulega valkosti á sameiningu/samstarfi íþróttafélaga í Breiðholti.

---

### Hvað er ÍR:

Fjölgreinafélag – hverfisfélag einkum í Breiðholti með 12 deildir og um 2800 iðkendur á sínum vegum og starfsemi á sex stöðum þ.e. rekur íþróttahús fyrir Reykjavíkurborg í Breiðholtsskóla, Seljaskóla og Austurbergi, er með starfsemi í Skógarseli, í Laugardalshöll og skíðaskála í Bláfjöllum.

Iðkendur sumra deilda koma af öllu höfuðborgarsvæðinu s.s. frjálsíþróttadeild og skíðadeild

### Í samþykktum ÍR segir eftirfarandi:

Tilgangur félagsins er iðkun hverskonar íþrótta, sem landslög heimila, og að efla áhuga almennings á gildi íþrótta. Markmið félagsins eru meðal annars:

- Að bjóða öllum aldurshópum upp á uppbyggilegt og öflugt íþróttastarf í öruggu umhverfi, þar sem lögð er áhersla á manngildi og jafnrétti, ásamt því að styrkja og efla iðkendur til framtíðar.
- Að bjóða upp á fjölbreytt úrval íþrótta fyrir félagsmenn á öllum aldri í einstaklings- og hópíþróttum, með heilbrigði og vellíðan að leiðarljósi.
- Að efla áhuga félagsmanna og almennings á heilsurækt og íþróttaiðkun.
- Að skapa öllum félagsmönnum vettvang til að leggja sitt af mörkum fyrir félagið og taka þátt í starfi þess eins og kostur er.

Tilgangi sínum og markmiðum hyggst félagið ná með stofnun og starfrækslu íþróttadeilda, einni í hverri grein, eftir því sem félagsmenn kunna að óska, undir sameiginlegri aðalstjórn félagsins. Aðalstjórn skal aðstoða við stofnun nýrra deilda og gildir stofnfundur, sem haldinn er eftir reglum aðalfunda deilda.

Innan ÍR er starfandi öflug knattspyrnudeild með mikla sögu og fortíð og það hefur um langa hríð verið mikið og árangursríkt uppbyggingarstarf. Alls eru iðkendur á vegum knattspyrnudeilda ÍR 650 talsins og allnokkur hluti þeirra æfir einnig aðrar íþróttagreinar hjá öðrum deildum ÍR. Á vegum Leiknis æfa alls 255 iðkendur, flestir í knattspyrnu.

### Íþróttir sem hluti af uppeldi og félagsmótun barna og ungmenna

Mikilvægi hreyfingar er vel þekkt en hreyfing er börnum nauðsynleg fyrir eðlilegan vöxt, þroska og andlega vellíðan. Regluleg hreyfing og íþróttaiðkun stuðlar því að heilbrigði meðal barna og ungmenna. Auk þess sem talið er að skipulagt íþróttastarf dragi úr áhættuhegðun (1) og hafi jákvæð áhrif á mótun einstaklings með því að kenna gildi og viðmið sem gera

einstaklinginn að árangursríkari samfélagsþegna (2). Mikilvægi skipulagðs íþróttastarfs er því ótvírætt auk þess sem jákvæð upplifun á hreyfingu á unga aldri eykur líkur á því að hreyfing sé stunduð seinna á lífsleiðinni (3). Eins og kemur fram í skýrslu KPMG er þátttaka barna í hverfinu dræm hvað varðar íþrótt- og frístundastarfi, þá sér í lagi í Efra Breiðholti (4).

Við hjá ÍR viljum ýta undir þau jákvæðu áhrif sem skipulagt íþróttastarf hefur og skapa tækifæri fyrir börn og ungmenni í hverfinu til þess að taka þátt í því starfi. ÍR er fjölgreinafélag og hefur leitast við að vera íþróttafélag sem veitir öllum íbúum Breiðholts víðtæka þjónustu á íþróttasviðinu. ÍR hefur lagt upp með að byggja upp faglegt barna- og unglingastarf með það að leiðarljósi að skapa farveg fyrir öll þau börn sem leita til félagsins. Markmið félagsins er að halda áfram að bjóða upp á faglegt íþróttastarf og með því hvetja til íþróttaiðkunar í hverfinu. Þetta markmið mótar þau viðhorf sem félagið hefur til þeirrar sameiningar sem stefnt er að á milli Leiknis og ÍR.

ÍR telur að líta eigi til hagsmuna íbúa og þá sér í lagi barna og unglunga í hverfinu og hvernig íþróttahreyfingin geti þjónað þeim sem best þegar ákveðið er hvernig marka má stefnu til framtíðar í skipulagi íþróttamála í Breiðholti. Markmiðið hlýtur að vera að auka og bæta enn frekar þjónustu við íbúa og skapa jákvætt og hvetjandi umhverfi sem ýtir undir fjölbreytta íþróttaiðkun og stuðlar að samheldni innan hverfisins. Velja þarf farveg sem einfaldar skipulag íþróttá svæðinu og hámarkar nýtingu á tíma fé og fyrirhöfn sem fer í að halda slíku starfi gangandi. Íþróttir eiga að vera sameiningartákn og þeim sem vinna að íþróttamálum ber skylda til að leggja sitt af mörkum sameina frekar en að sundra samfélögum þar sem slík félög eru með starfsemi. (5).

Sameining Leiknis og ÍR mun gefa möguleika á að sameina Breiðholtið undir eitt hverfafélag. Með því getum við sameinað kraft íbúa í hverfinu með það að markmiði að skapa enn faglegra barna- og unglingastarf en jafnframt því vera það uppvaxandi afreksfélag sem íbúar geta verið stoltir af. Með sameiningu sem þessari mun þjónustustig í hverfinu ekki skerðast og telja má líklegra að það sveigjanleiki fyrir iðkendur aukist enn frekar. Börnum og ungmennum mun áfram standa til boða að æfa fleiri en eina íþróttagrein innan sama félags en það er vænleg leið til að minnka líkur á brottfalli úr íþróttaiðkun þegar kemur á unglingsár. Jafnframt er borðleggjandi að slík sameining ýtir undir bættar samgöngur í hverfinu fyrir iðkendur. Sú er framtíðarsýn ÍR að vel skipulögð sameining eins og hér er lögð til myndi sameina Breiðholtið, stuðla að rekstrarhagræðingu og þar með betri nýtingu opinberra fjármuna, skapa enn fjölþættara íþróttastarf, sem getur síðan verið verkfæri til að bæta nýtingu á frístundakorti og ná enn frekar til barna og unglunga af erlendum uppruna en þar er mikið verk að vinna sem taka þarf á sem fyrst.

### **Niðurstaða af mati starfsmanna og stjórnarmanna á valkostum sem framkoma í vinnugögnum KPMG:**

Út frá áður greindum rökum telur öll forystusveit ÍR að vænlegast til árangurs, eftir mikla umræðu og greiningar sem fram hefur farið innan félagsins og með hagsmunum iðkenda í forgrunni, að íþróttafélagið Leiknir renni inn í ÍR, samanber leið 3 í valkostagreiningu KPMG.

Sýn ÍR er sú að sameinað félag vinni þetta þannig að fyrst um sinn yrði rekstur félaganna á báðum stöðum, með einn framkvæmdastjóra yfir nýrri deild og annan yfir öllu félaginu. Fljótlega yrði farið að vinna með að blanda þessum hópum innan árganga saman og þá sér í lagi hópum frá og með 5 flokki, sem eiga auðveldara með að ferðast á milli hverfa á eigin

vegum í frístundastrætó. Væntanlega muni svo tilteknir flokkar æfa á núverandi Leiknissvæði og aðrir á núverandi ÍR svæði. Síðan þróist skipulag á þann veg að heildar framkvæmdaáætlun og verklagsferlar fyrir sameinaða knattspyrnudeild verði til.

Með þessu verklagi teljum við okkur best gæta hagsmuna allra iðkenda á félagssvæði ÍR því með slíkri sameiningu fá allir iðkendur í Breiðholti fleiri möguleika til íþróttaiðkunar, og þá sér í lagi börn búsett í 111 hverfinu.

Nú í vor þegar nýr frjálsíþróttvöllur við Skógarsel verður tekinn í notkun kemur þar nýr valkostur í íþróttastarfi sem gefur möguleika aukinni þátttöku í æfingum og aðgengi allra úr 111. Áfram verði samt öflug bækistöð sameinaðs félags á núverandi svæði Leiknis enda verður með þessu mikið íþróttastarf í gangi þar og aukið framboð íþróttagreina sem og starfsemi í Austurbergi.

Með því að velja valkost 3 verður áfram öflugt knattspyrnustarf á 111 svæðinu ásamt fleiri greinum en allt samhæft og samnýtt. Þá yrði aðstaða framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar og yfirþjálfara á báðum stöðum, í hverfum 111 og 109 .

Jafnframt er með þessu sterka rekstrarformi gríðarlega öflugt bakland sem er skrifstofa ÍR, framkvæmdastjóri, innheimtustjóri, íþróttastjóri og fjármál/bókhald. Slíkur samrekstur gerir félagið að enn öflugri rekstrareiningu sem hefði mjög kröftugt og faglegt teymi innan sinna vébanda með skýrar verklagsreglur og eftirfylgni í öllu sem lýtur að jafnréttismálum og meðferð eineltismála.

Í upphafi var lagt upp með fjórar sviðsmyndir en aðilar voru sammála um að fyrsta sviðsmyndin kæmi ekki til greina, hér fyrir neðan er farið nánar yfir hina þrjá valkostina, kostir þeirra og annmarkar greindir. Sviðsmynd 2 felur í sér nýtt knattspyrnufélag yrði stofnað Sviðsmynd 3 felur í sér sameiningu Leiknis og knattspyrnudeildar ÍR undir merkjum ÍR (en hvað knð heitir verður látið ósagt að svo stöddu) og sviðsmynd 4 er óbreytt mynd.

## ***Greining á sviðsmyndum***

### **Sviðsmynd 2 – Nýtt knattspyrnufélag**

#### Kostir:

- Öflugt knattspyrnufélag í Breiðholti – mögulega fleiri iðkendur
- Gæti dregið úr áreiti á skrifstofu ÍR, losnar um verkefni sem tengjast knattspyrnudeild.
- Minni rígur um íþróttastarf í Breiðholti
  - Líklegt að rígur á milli íþróttagreina skapist þó að rígur um knattspyrnu minnki, enn tvö íþróttafélög og mjög óvíst að það auki þátttöku barna í 111.
- Hagræðing við rekstur einnar knattspyrnudeildar í stað tveggja.
  - Takmörkuð hagræðing þar sem enn þarf að kosta tvær stoðþjónustur líkt og bókhald, innheimtufultrúi, endurskoðandi, tölvuþjónusta o.fl.

#### Annmarkar:

- Óvissa varðandi nýtingu/rekstur á knattspyrnuaðstöðu á félagssvæði ÍR.
- Skerðing á þjónustu, ungir iðkendur sem vilja æfa knattspyrnu og aðrar íþróttagreinar þurfa að æfa hjá tveimur íþróttafélögum og greiða tvö æfingagjöld.
  - Enginn fjölgreinaafsláttur
  - Aukinn kostnaður við búninga
  - Erfiðara að sameina æfingar í mörgum íþróttagreinum þar sem ólíklegt verður að teljast að félögin taki tillit til hvors annars í gerð æfingataflna.
- Barátta á milli félaga um kostunaraðila og hætta á að félögin tapi núverandi kostunaraðilum.
- Flækjustig vegna fjarlægðar á æfingar og erfiðara að halda utan um rekstur frístundavagns þar sem tvö félög þurfa að veita slíka þjónustu.
- Hætta á að missa iðkendur úr íþróttastarfi.
- Samkeppni skapast á milli þessara tveggja íþróttafélaga um iðkendur og fjármagn.
  - Slagorðið “hættum að berjast um Breiðholtið, berjumst fyrir Breiðholtið” missir marks.
- Samvinna og þekkinganýting sem ríkir innan félags með margar deildir mun ekki nýtast nýja félaginu.
- Nýtt knattspyrnufélag gæti stofnað fleiri deildir með öðrum íþróttagreinum og við það skapast enn meiri samkeppni á milli félaganna.
- Getur verið erfitt að fá sjálfboðaliða í nýtt félag.
  - Byggja þarf upp sjálfboðaliðastarf frá grunni, engin saga eða tryggð til staðar.
- Ný knattspyrnudeild hugsanlega stofnuð í ÍR þegar fram líða stundir.
- Lítil rekstrarhagræðing þar sem kosta þarf tvær stoðþjónustur: bókhald, endurskoðendur, tölvumál, markaðssetning o.fl.
- Erfitt að sjá hvar flokkar enda í styrkleikaflokkum KSÍ.

## **Samantekt á sviðsmynd 2:**

Þegar litið er á kosti og annmarka sem liggja að baki þessarar sviðsmyndar eru kostirnir þeir sömu og að sameina íþróttafélögin (sviðsmynd 3) en annmarkar fleiri samanborið við þá sviðsmynd. Knattspyrna í sérfélagi tryggir ekki hag iðkenda þegar kemur að aðgengi að fjölbreyttu íþróttastarfi. ÍR hefur mikla sögu og hefð þegar kemur að knattspyrnu og var ÍR annað félagið á Íslandi til þess að æfa þá íþrótt. Ákvörðun um að enda starfsemi knattspyrnudeildar ÍR er því gríðarlega veigamikil þar sem bundin er endi á langa sögu í félaginu.

Greina má út frá sviðsmynd 2 að staðan verði mjög sambærileg og hún er í dag þrátt fyrir sameiningu í nýtt félag. Aðgerðin dregur úr samkeppni um börn í knattspyrnu. Hins vegar skapast vettvangur fyrir annars konar samkeppni um börnin í hverfnu og lítil hagræðing á sér stað á rekstri þar sem reka þarf áfram tvö félög. Einnig minnkar þjónustustigið í hverfinu fyrir þau börn sem æfa tvær íþróttagreinar eða fleiri – þá þarf búninga frá báðum félögum með viðeigandi kostnaði fyrir foreldra. Með aðskilnaði knattspyrnu frá fjölgreinafélaginu er ýtt undir auknar líkur á brottfalli úr íþróttaiðkun á unglingsárum.

## **Sviðsmynd 3 – Sameinað íþróttafélag**

### Kostir:

- Eitt félag – meiri samheldni og minni samkeppni um iðkendur.
  - Fleiri iðkendur og sterkari knattspyrnudeild
  - Fjölbreytt framboð á íþróttagreinum í hverfinu og öll þjónusta hjá einu félagi.
  - Ungir iðkendur geta æft fleiri en eina íþróttagreina á sömu kjörum og þeir gera nú, fjölgreinaafsláttur, systkinaafsláttur, ÍR-ungar og ÍR-tvenna.
- Engin samkeppni um iðkendur, fjármagn eða kostunaraðila.
- Bætt nýting frístundakorts og aukin framboð til barna af erlendum uppruna er framkvæmanlegt með samræmdri nálgun allra deilda.
- Aukin grundvöllur fyrir samstarfi á milli deilda, hægt að nýta stærðaráhrif.
  - Betri aðstaða, meiri þekking.
- Rekstrarhagræðing: Kosta þarf aðeins eina stoðþjónustu: bókhald, innheimtufulltrúi, markaðsmál, tölvuþjónusta o.fl.
- Hægt að ráða framkvæmdastjóra og yfirþjálfara fyrir knattspyrnudeild sem hefði sterkt bakland frá skrifstofu ÍR og væri því undir aðalstjórn samt sem áður.
  - Aukinn styrkleiki knattspyrnudeildar – framkvæmdastjóri, yfirþjálfari, íþróttastjóri.
- Mikil uppbygging á aðstöðu á ÍR-svæðinu sem skapar bætt umhverfi til íþróttaiðkunar.
- Bætt starf þar sem hægt er að nýta styrkleika og þekkingu frá báðum félögum.
- Stærri grasrót og þar af leiðir öflugra bakland til að skapa samheldni og liðsheild innan knattspyrnudeildar – grunnur að árangri .
- Iðkendur frá Leikni ganga inn í virkt félagsstarf með öflugum innviðum og fá góðar mótþökur á allan hátt.
- Einfalt að bæta iðkendum Leiknis inn í fyrirkomulag sem er til staðar hjá ÍR og virka vel.

### Annmarkar:

- Flækjustig vegna fjarlægðar á milli æfingaaðstöðu. Hugsanlegt að hægt sé að draga úr áhrifum hennar með góðu leiðarkerfi frístundavagns og góðu skipulögðu íþróttastarfi bæði í 109 og 111 hverfinu.
- Ósætti getur skapast hjá félagsmönnum íþróttafélaganna tveggja vegna sameiningu.
- Sameining er kostnaðarsöm, þ.e. tekur á að sameina félögin. Það kostar tíma, fjármagn og umsjón fagaðila. Skipulag verður að vera gott því sameiningin má ekki mistakast.
- Getur reynst erfitt að fá kostunaraðila Leiknis til að styrkja sameinaða knattspyrnudeild.
- Sameinuð knattspyrnudeild þarf vandað utanumhald og eftirfylgni fyrstu 3 til 5 árin til að sameining skili tilsettum árangri og að samstaða skapist.

### **Samantekt á sviðsmynd 3:**

Þegar horft er til kosta og annmarka sviðsmyndar 3 samanborið við sviðsmynd 2 og 4 má draga þá ályktun að sviðsmynd 3 sé vænlegust. Með því að sameina Leikni og ÍR sameinast Breiðholtið undir hverfafélagið ÍR. Með því náum við að leggja áherslu á að sameina Breiðholtið sem eina heild í stað þess að vera í tveimur fylkingum. Þessi valkostur er sá eini sem líklegur er til þess að draga úr fyrri togstreitu á svæðinu og hvetja jafnframt til aukinnar íþróttaiðkunar í hverfinu öllu óháð íþróttagreinum. Þessi leið skapar jafnframt tækifæri til þess að sameina krafta Leiknis og ÍR til að byggja upp sterkari einingu með góða samstöðu. Einnig næst ákveðin rekstrarhagræðing og hagkvæmni þar sem aðeins þarf að reka eitt íþróttafélag í hverfinu sem einnig leiðir til samræmds framboðs og þar með aukinna gæða í þjónustu fyrir börn og forráðamenn þeirra. Síðast en ekki síst eru meiri líkur á að ná árangri í nýtingu frístundakorts í hverfi 111 þegar allt íþróttaframboð er kynnt með samræmdum hætti til allra íbúa. Þessi leið jafnframt vænlegust til að virkja með markvissum hætti fólk af erlendum uppruna til þátttöku í félagsstarfi.

### **Sviðmynd 4 – Óbreytt ástand**

#### Kostir:

- Hvorki ÍR né Leiknir þurfa að takast á við þá óvissu og þau krefjandi verkefni sem koma til vegna sameiningar.
  - Uppbygging innan ÍR í knattspyrnu hefur gengið vel.
  - Mikil uppbygging á aðstöðu sem ýtir undir aukin tækifæri og aukin fjölda iðkenda innan ÍR.
- Það er ódýrast fyrir alla aðila að hafa skipulag óbreytt.
- Minna álag á alla aðila innan félaganna s.s. starfsmenn, aðalstjórn og stjórnir deilda ef ekki er farið í sameiningu.

#### Annmarkar:

- Áframhaldandi rígur milli félaganna innan Breiðholts.
  - Erfitt að ná samhug og samstöðu um knattspyrnu í Breiðholti.
- ÍR sem hverfisfélag býr áfram við þær aðstæður að geta ekki sinnt sínu útbreiðslu- og kynningarstarfi í efra Breiðholti vegna fyrirstöðu frá Leikni.
- Leiknir getur stofnað fleiri deildir innan sinna raða sem getur ýtt undir enn frekari ríg á milli félaganna (þó svo að Leiknir eigi ekki að geta er t.d. körfubolti þar í dag).

- Ójafnvægi á milli félaganna í rekstri knattspyrnudeilda.
  - Starfsmenn á launum hjá Leikni sem sinna knattspyrnu en sjálfbóðaliðar hjá ÍR, þar sem knattspyrnudeild Leiknis fær 1,5 starfsgildi frá Reykjavíkurborg en ekki knattspyrnudeild ÍR.
- Meiri samkeppni um kostunaraðila.

### **Samantekt:**

Líkt og sviðsmynd 2 þjónar sviðsmynd 4 hagsmunum íbúa Breiðholts ekki jafn vel og sviðsmynd 3. Því má telja að sviðsmynd 4 sé ekki jafn ákjósanlegur kostur og sviðsmynd 3. Hins vegar þegar kostir og annmarkar sviðsmyndar 4 eru bornir saman við sviðsmynd 2 er sviðsmynd 4 betri kostur ef horft er til hagsmuna barna og unglunga í hverfinu. Þjónustustig hjá ÍR helst óbreytt og yngstu börnin geta æft margar íþróttagreinar á einu æfingagjaldi og eldri börn sem æfa tvær íþróttagreinar geta gert það áfram án breytinga. Hins vegar verður enn til staðar sá vandi að oft er erfitt er að ná til barna og ungmenna sem búa í efra Breiðholti (111) vegna ítrekaðrar fyrirstöðu Leiknismanna og þar með mun væntanlega sá rígur sem hefur verið milli félaganna halda áfram að skemma fyrir uppbyggingu íþróttastarfs og fjölbreyttu framboði þess í hverfi 111.

Það er því skoðun okkar ÍR-inga að við veljum leið 3 eins og hún er sett fram í gögnum KPMG þar sem við teljum hana tvímælalaust þjóna best hagsmunum allra þeirra sem málið varðar mest – þ.e. iðkendur og foreldrar. Við teljum einnig að þetta sé eina leiðin til að þjóna sem sameiningarafl í Breiðholtinu um ókomin ár. Fjárhagsleg rök fyrir þessum valkosti eru svo augljós að þau þarf varla að nefna né heldur bættu nýtingu á frístundakorti.

Ef hins vegar leið 3 hugnast ekki aðilum sem að borðinu koma er öll forysta ÍR einróma um að leið 4 sé þá eini valkostur sem til greina kemur. Það kann hins vegar að hljóma hjákátlega að líklega útheimtir sá valkostur af öllum fjórum, minnsta fyrirhöfn fyrir starfsmenn og stjórnendur Íþróttafélags Reykjavíkur.

Fyrir hönd Íþróttafélags Reykjavíkur,

Árni Birgisson  
Framkvæmdastjóri ÍR  
og  
Ingigerður Guðmundsdóttir  
Formaður ÍR



## Heimildir

1. Halldorsson, V., Thorlindsson, T. og Sigfusdottir, ID. (2014). Adolescent sport participation and alcohol use: The importance of sport organization and the wider social context. *International Review for the Sociology of Sport*, **49**(3–4), 311–330.
2. United Nations. (2003). A/Res/58/5, 58th Session, General Assembly. New York: UN.
3. Telama, R., Yang, X., Laakso, L., & Viikari, J. (1997). Physical activity in childhood and adolescence as predictor of physical activity in young adulthood. *American journal of preventive medicine*, **13**(4), 317-323.
4. KPMG. *Sameining íþróttafélaga í Breiðholti – Valkostagreining vegna mögulegrar sameiningar Leiknis og ÍR*. Reykjavík : Ráðgjafarsvið KPMG. Janúar 2019.
5. The International Olympic Committee. (e.d.). Promote Olympism in society. Sótt 6. febrúar 2019 af <https://www.olympic.org/the-ioc/promote-olympism>